

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, mánudagur, 15. apríl 2024
Tilvísun: 2024010020/33

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá nefndar- og greiningarsviði Alþingis, dags. 26. mars sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), 131. mál. Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið. Barna- og fjölskyldustofa setur í umsögninni fram sömu athugasemdir og áður hafa komið fram í umsögn stofunnar vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar.

Stofan fagnar tillögu að hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs og tekur undir að mikilvægt sé að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Stofan telur hins vegar að fara þurfi varlega í að hækka kynferðislegan lögdur upp í 18 ár og veltir upp hvort frekar ætti að hækka hann upp í 16 ár. Á þeim aldri er viðurkennt að börn að fái aukið sjálfstæði og aukinn sjálfsákvörðunarrétt. Þá væri hækkun kynferðislegs lögdurs upp í 16 ár í samræmi við kynferðislegan lögdur á norðurlöndum.

Ef farið verður í að hækka kynferðislegan lögdur upp í 18 ár er mikilvægt að sambönd sem eru á jafningjagrunni og með samþykki beggja aðila verði ekki gerð refsiverð. Ef farið verður í að hækka kynferðislegan lögdur upp í 18 ár þá telur stofan að setja þyrfti varnagla sem myndi draga úr líkum á því að sambönd sem væru á jafningjagrunni og með vilja beggja aðila færu ekki fyrir dóm. Líkt og bent er á í frumvarpinu er heimild í 2. málsl. 202. gr. almennra hegningarlaga til að lækka refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Það getur hins vegar verið gríðarlega þungt og erfitt fyrir unga einstaklinga að mál þeirra fari alla leið fyrir dóm þar sem refsing er síðan felld niður. En dæmi eru um slíkt. Því leggur stofan til að ef kynferðislegur lögdur yrði hækkaður upp í 18 ár yrði sett ákvæði í lögum sem heimilaði saksóknara að fella mál niður áður en það færi í dómskerfið ef allar líkur væru á því að refsing yrði látin niður falla til að hlífa einstaklingunum fyrir því álagi sem því fylgir.

Barna- og fjölskyldustofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu

Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir